



Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2025 - 2026

Námsgrein: Textílmennt

Árgangur: 9. bekkur

Kennari: Sigríður V. Þórðardóttir

Netfang: siggavigga@klaustur.is

Almennt: Nemendur í 9 bekk fá 4x40 mín. kennslustundir í textílmennt í 10 vikur.

Nemendur þrjóna sér lopahúfu á hringþrjón. Þá geta nemendur valið sér annað þrjónastykki ef þeir ljúka húfunni tímanlega.

Byrjað verður á að rifja upp grunntækni í þrjóni, nemendur gera þrjónafestu, æft verður mismunandi þrjónaaðferðir, aukningu, úrtöku og frágang.

Stuðst verður við námsbókina *Handbók í textíl*, ásamt öðru efni frá kennara.

Eftir að nemendur hafa náð valdi á grunntækninni velja þeir sér uppskrift af húfu til að þrjóna.

Verkefnið styður við sköpun og læsi ásamt því að rækta þrautseigju og einbeitingu nemenda.

Hæfniviðmið: Textílmennt felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þjálfunar og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Námsgreinin byggir á rótgróinni handverkshefð, sem hefur þróast og tekið inn nýjar áherslur í takt við þarfir breyttra tíma og breyttra áherslna í menntun og uppeldi.

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig, skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, umhverfisvernd, umhverfisvitund, endurnýtingu, sjálfbærni, loftslagsmál, kolefnisspor, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og vinni með efni af ólíkum toga.

Hæfniviðmiðum fyrir textílmennt er skipt í þrjá flokka, þ.e. verklag, sköpun, hönnun og tækni og menning og umhverfi.

Hlekkur á aðalnámskrá: <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-21-list-og-verkgreinar-2024>

Námsmat:

- Hlustun og þátttaka í tímum
- Vinna í vinnubók
- Áhugi, frumkvæði og framfarir
- Samskipti og samvinna
- Símat þar sem verkefni og vinna nemenda í kennslustundum eru metin yfir árið

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Textílmennt 9.bekkur			
Tímabil	Viðfangsefni	Áhöld	Hæfniviðmið
Vika 1	-Upprifjun á grunnatriðum. -Prjónafesta	- <i>Handbók í textíl</i> -Myndbönd og leiðbeiningar frá kennara. -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl.	Verklag <i>Áhöld:</i> Nemandi getur beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða. <i>Efnisval:</i> Nemandi getur rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisvali. <i>Útfærsla:</i> Nemandi getur unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnispörf. <i>Vinnuvernd:</i> Nemandi getur beitt viðeigandi vinnustellingum og verið meðvitaður um líkamsstöðu sína, þekki hugmyndir og reglur vinnuverndar. Sköpun, hönnun og tækni <i>Hugmyndavinna:</i> Nemandi getur beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu. <i>Sköpun og skreyting:</i> Nemandi getur skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt. <i>Hugtök:</i> Nemandi getur lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök. <i>Miðlar:</i> Nemandi getur notað margvíslega miðla til að afla upplýsinga fyrir hugmyndir að verkefnum sem tengjast textíl, hönnun og útfærslu á þeim. <i>Tækni:</i> Nemandi getur nýtt hugbúnað og tölvustýrð tæki við hönnun og vinnslu eigin verka í textílvinnu. Menning og umhverfi <i>Efnisfræði:</i> Nemandi getur þekkt mun á eiginleikum náttúruafna og gerviefna út frá áferð og kolefnisspori. <i>Merkingar:</i> Nemandi getur þekkt mun á helstu táknum og merkingum textílefna og nýtt sér í daglegu lífi. <i>Endurnýting:</i> Nemandi getur nýtt endurunnin efni í textílvinnu, gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd og hringrásarhagkerfið. <i>Menning:</i> Nemandi getur greint og fjallað um textílvinnu og -verk í samhengi við sögu, samfélag og listir.
Vika 2	-Mismunandi prjónaaðferðir æfðar. -Uppskrift valin	- <i>Handbók í textíl</i> -Myndbönd og leiðbeiningar frá kennara. -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskriftablöð	
Vika 3	-Húfa prjónuð	- <i>Handbók í textíl</i> -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskrift	
Vika 4	-Húfa prjónuð	- <i>Handbók í textíl</i> -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskrift	
Vika 5	-Húfa prjónuð	- <i>Handbók í textíl</i> -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskrift	
Vika 6	-Húfa prjónuð	- <i>Handbók í textíl</i> -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskrift	
Vika 7	-Húfa prjónuð	- <i>Handbók í textíl</i> -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskrift	
Vika 8	-Húfa prjónuð	- <i>Handbók í textíl</i> -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskrift	
Vika 9	-Húfa prjónuð	- <i>Handbók í textíl</i> -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskrift	
Vika 10	-Húfa prjónuð	- <i>Handbók í textíl</i> -Prjónar, garn, prjónamerki o.fl. -Uppskrift	